

Ísafjarðarbær
Nanný Arna Guðmundsdóttir, forseti bæjarstjórnar.
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður

Reykjavík, 19. febrúar 2018.

Efni: Vegna fyrirhugaðs samnings milli AB-Fasteigna ehf. og Ísafjarðarbæjar.

Til undirritaðs hefur leitað Orkubú Vestfjarða (hér eftir „OV“), og óskað eftir könnun á hugsanlegum viðbrögðum OV vegna fyrirhugaðrar samningagerðar Ísafjarðarbæjar við AB-Fasteignir ehf. um vatnsréttindi í Úlfsá sem OV á.

Undirritaður hefur fengið og aflað eftirfarandi gagna um þetta málefni.

- Óundirrituð samningstillaga á milli AB-Fasteigna ehf. og Ísafjarðarbæjar, 1. útgáfa.
- Óundirrituð samningstillaga á milli AB-Fasteigna ehf. og Ísafjarðarbæjar, 2. útgáfa.
- Fundargerð 1000. fundar bæjarráðs Ísafjarðarbæjar, dags. 8. janúar 2018.
- Fundargerð 411. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar, dags. 18. janúar 2018.
- Fundargerð 1003. fundar bæjarráðs Ísafjarðarbæjar, dags. 29. janúar 2018.
- Tilkynning/bréf OV til Ísafjarðarbæjar dags. 22. janúar 2018.

Samkvæmt upplýsingum undirritaðs hefur samningur milli sveitarfélagsins og AB-Fasteigna ehf. ekki verið undirritaður.

Samkvæmt 58. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 er það hlutverk sveitarstjórnar að taka ákvarðanir um málefni er varða veruleg fjármál sveitarfélagsins og fellur sala á eignum sveitarfélagsins eða öðrum réttindum þess undir ákvæðið. Samkvæmt birtum fundargerðum bæjarstjórnar á heimasíðu bæjarfélagsins hefur verið fjallað um málefni þetta á fundum bæjarstjórnar og ákvarðanir teknar. OV hefur upplýsingar sínar um málið nánast alfarið þaðan. Fundargerðirnar eru ekki fullnægjandi heimild um stöðu málsins eða málsatvik

Þau drög að samningi sem hér um ræðir fjalla um sölu á réttindum sem Ísafjarðarbær framseldi og afsalaði til OV með afsali frá 1. desember 1978. Þau réttindi hafa verið óumdeild í eigu OV síðan. Í því sambandi mætti t.d. nefna nýtingu OV á vatnsréttindum úr landi Ísafjarðarbæjar vegna Tungudalsvirkjunar.

Sú samningstillaga sem upphaflega lá fyrir og fjallað var um í fundargerðum bæjaryfirvalda gerði ráð fyrir þeim möguleika að vatnsréttindi þau er Ísafjarðarbær væri að ráðstafa væru mögulega ekki í eigu sveitarfélagsins sbr. lið 3.1 í þeim drögum en þar segir orðrött:

„Komi í ljós að Ísafjarðarbær sé ekki lögmætur eigandi alls lands og vatnsréttinda í Úlfsá, fellur samningur þessi niður báðum aðilum að skaðlausu, þ.e. aðilar eru sammála um að fyrirgera rétti

sínum til að sækja skaðabætur, hvaða nafni sem þær kunnu að nefnast, komi í ljós að Ísafjarðarbær sé ekki lögmætur eigandi alls lands og vatnsréttinda í Úlfsá.“

Samkvæmt síðari drögum hefur fyrri drögum að samningnum verið breytt á þá leið að framangreindur eignarréttarfyrrvari í lið 3.1 hefur verið felldur niður og í hans stað sett eftirfarandi málsgrein:

„Ísafjarðarbær staðfestir með undirritun sinni að þeir séu réttir og lögmætir eigendur alls lands og þeirra vatnsréttinda í Úlfsá sem nauðsynleg eru til að virkja og reka Úlfsárvirkjun.“

Í fundargerðum bæjarráðs og bæjarstjórnar er ekki að finna neina bókaða umfjöllun eða skýringu á þessum lykilatriðum hinna fyrirhuguðu samninga um það hvernig háttáð sé eignarhaldi á þeim réttindum sem Ísafjarðarbær er að framselja, aðeins framangreinda fullyrðingu Ísafjarðarbæjar í síðari samningsdrögum að bærinn eigi umrædd réttindi. Þessi nýja yfirlýsing bæjarins gengur þvert á framangreint afsái bæjarfélagsins á umræddum réttindum til ÖV.

Í þessu samhengi er einnig rétt að rifja upp að Ísafjarðarbær, ásamt öllum öðrum sveitarfélögum sem áttu hluti í Orkubúi Vestfjarða, seldu ríkinu þá hluti sína fyrir sem nemur í dag 5,8 milljörðum króna samtals á árunum 2001/2002. Þá fengu sveitarfélögin peningagreiðslu fyrir öll þau réttindi sem þau lögðu til ÖV á sínum tíma, þ. á m. þau réttindi sem hér um ræðir og Ísafjarðarbær framseldi til ÖV. Ríkissjóður, sem nú eini eigandi ÖV, unir því ekki að Ísafjarðarbær framselji þau réttindi aftur til annarra aðila á árinu 2018.

Undirrituðum er kunnugt um það að í kjölfar 1003. fundar bæjarráðs, hefur bæjarstjóri átt viðtal við Elías Jónatansson, orkubússtjóra ÖV um málið en á þeim fundi þeirra kom engin fullnægjandi skýring fram á því á hvaða grundvelli umrædd ákvörðun var tekin af hálfu bæjaryfirvalda.

Þykir undirrituðum hafið yfir allan vafa að ákvörðun Ísafjarðarbæjar um sölu eigna sem sveitarfélagið á ekki er bæði ólöglegt og saknæm. Sú ákvörðun getur sem slík valdið sveitarfélaginu og þeim aðilum sem fullkomlega grandsamir eru um þá stöðu málsins skaðabótaábyrgð gagnvart öllum hlutaðeigandi, þ. á m. ÖV og viðsemjendum sínum.

Þá er einnig ljóst að um fullkomna og upphaflega vanheimild er að ræða. Viðsemjandi bæjarins getur ekki öðlast umsamda réttarstöðu þar sem sveitarfélaginu skortir með öllu heimild til ráðstöfunar réttindanna. Allt þetta er bæjarfélaginu ljóst af gögnum sem bæjaryfirvöld þekkja eða eiga að þekkja svo sem að framan er rakið.

Sé samningur gerður í aðstæðum sem þessum á kröfuhafi skýran rétt á skaðabótum úr hendi viðsemjanda síns. Í því ljósi er athyglisvert að benda á skaðleysisákvæði lið 3.1 í upphaflega samningstillögunni. Í 2. útgáfu samningstillögunnar hefur skaðleysisákvæðið verið fellt á brott og væri sveitarfélagið með undirritun samningsins einnig orðið skaðabótaskyldt gagnvart viðsemjanda sínum AB-Fasteignum ehf. Þessi mismunur á samningsdrögum bendir eindregið til þess að viðsemjandi Ísafjarðarbæjar, AB-Fasteignir ehf., hafi afdráttarlaust hafnað þeirri hugmynd Ísafjarðarbæjar að félagið ætti ekki skaðabótakröfu á hendur bæjarfélaginu ef í ljós kæmi að bæjarfélagið ætti ekki þau réttindi sem félagið hefði keypt af bæjarfélaginu – skyldi engan undra þá afstöðu kaupandans! Í ljósi þessarar atburðarásar kemur það ekki á óvart að kaupandinn vilji

hafa það á hreinu að bæjarfélagið Ísafjörður viðhafi ekki kaupfox svo vitnað sé til 14. kafla Jónsbókar sem hefur yfirskriftina: “Um kaupfox, ef maðr selr einn grip tveimr mönnum senn”.

Ísafjarðarbær virðist hafa leyst þetta álitaefni með þeim hætti að fullyrða að bæjarfélagið ætti umrædd réttindi með lögmætum hætti og virðist bæjarfélagið ekki átta sig á því að með þeirri yfirlýsingu er bæjarfélagið eingöngu að fella á sig fjárhagslega skaðabótaábyrgð á öllum afleiðingum þess ef það reynist ekki vera rétt þegar á reynir. Ekki fæst betur séð en hér sé gráu bætt ofan á svart svo notað sé gamalt orðatiltæki. Ljóst er að atferli þetta allt af hálfu hins opinbera stjórnvalds er ekki ásættanlegt.


Þeir hagsmunir sem hér um ræðir nema verulegum fjárhæðum svo sem að framan er rakið. Af því er ljóst að fjárhagslegt tjón og skaðabætur gætu numið mjög háum fjárhæðum.

Í þeim tilgangi að reyna að fá uppýst með hvaða hætti framangreindar samþykktir bæjaryfirvalda, bæjarstjórnar og bæjarráðs, hafa átt sér stað, þar á meðal um stöðu formlegrar samningsgerðar við kaupandann, óskar undirritaður eftir öllum gögnum er snerta afgreiðslu málsins, þ.á.m. ítarlegum fundargerðum þeirra funda þar sem samningstillagan/drögin var tekin fyrir auk hugsanlegum minnisblöðum tengdum mállefniinu sem og breytingum á samningsdrögum frá einum fundi til annars. Meðal þeirra gagna sem óskað er afhendingar á er eintak endanlegra samningsdraga sem samþykkt voru af bæjarstjórn. Gögn þau sem birt eru á heimasíðu bæjarins eru í ósamræmi við birtan texta fundargerða bæjarstjórnarfunda um fleiri atriði en gerð er grein fyrir í þessu bréfi. Þessi gagnabeiðni er fram sett á grundvelli 15. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Formsins vegna eru mótmæli OV við því að Ísafjarðarbær selji umrædd réttindi OV til AB-Fasteigna ehf. ítrekuð og OV áskilinn allur réttur til hnekkja þeirri ákvörðun og framkvæmd með hverjum þeim réttarfarslegu aðgerðum sem unnt er að viðhafa í því sambandi. Að svo stöddu er látið nægja að afla framangreindra upplýsinga.

Óskað er eftir afgreiðslu þessa erindis eins fljótt og kostur er með vísan til ákvæða sveitarstjórnar- og stjórnsýslulaga um það efni.

Virðingarfyllst



Jónas A. Aðalsteinson hri.

Afrit:

Fjármála- og efnahagsráðuneyti, Jón Gunnar Vilhelmsson,
Skrifstofu stjórnunar og umbóta/jon.vilhelmsson@fjr.is
AB-Faseignir ehf. / Birkir Þór Guðmundsson / birkir@afb.is